

„Eg hélt þú værir nú farin að venjast því“.

„Ójá, en svo er nú framtíðin. Eg hefi áhyggjur um hana þín vegna. Eg finn það fer að verða óþolandi hér í sambýli við þessa náunga“.

„Við þurfum ekkert við vitavörðinn að sælda. Eg er sannfærð um að Bergan er bezt drengur“.....

„Hum! aðstoðarmaðurinn.— Hefði ef til vill orðið góður maður, hefði hann verið í betri manna félagi. Sambúð við óhlutvanda menn hefir eyðilagt meiri menn en hann. Við megum selja húsið og fara. Eg..“.

„Og fara hvert, faðir minn?“

„Ja, það veit eg ekki. Eg veit það hreint ekki“.

Hann varð órór í geði við samræðuna, misti matarlystina, stóð upp og þakkaði fyrir matinn stuttur í þpuna, tók blað af alkunnu guðfræðis tímariti og settist út á svalirnar og tók að lesa.

Meðan mærin bar af borðinu las hann í ákafa, svo ákaft, að það dó í þípunni hans, sem þó bar sjaldan við. Svo spratt hann upp sem ungur væri og kallaði inn í stofuna. „Nei, Janna! hérna hitti eg á nokkuð, sem vert er að lesa“. Hún kom þegar út og settist við hlið hans.

„Þetta undar mig“, sagði hann. „Nú er deilt um alt milli himins og jarðar, enda guðfræðingarnir gera það. Það er alt vegið með og mót. Nú er ekki hver maður gerður að villutrúarmanni, sem eitthvað hugsar eins og var á mínum dögum. Ef nokkur prestur vogaði þá að segja eitthvað annað en þeir útvöldu, þá fekk hann vinsamlega bending um að víkja frá embættinu, eða þá það var komið af stað klögun frá nokkrum safnaðarmönnum. En nú—hérna er nú rithöfundur, sem lætur í ljósi sömu skoðunina er eg..vék úr embætti fyrir..að biblían sé að eins samsafn mannlegra ritverka“.

„Hver er hann, er skrifar þannig?“

„Séra Jørgensen, biskupsefnið“.

„Nú er það?“

„Nú er þetta spursmál farið að ryðja sér til rúms í hugum